

**Ed.**

**143. Frumvarp**

til laga um breytingu á lögum nr. 66, 22. nóv. 1913, um girðingar.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

8. gr. orðist þannig:

Nú liggja tún eða engjar tveggja eða fleiri manna saman, eða tún eða engjar jarðar liggja að beutilandi annara, og landeigandi eða ábúandi í samráði við landeiganda vill leggja á mörkum löggarð, slíkan sem í 1. gr. segir, og samkomulag næst eigi við þann ábúanda eða landeiganda, er land á á móti, um þátttöku í girðingunni, þá getur sá, er girða vill, engu að síður gert það. Skulu úttektarmenn hreppsins eða hreppanna, ef girðingin er á hreppamótum, meta notagildi girðingarinnar fyrir allar jarðir, sem hlut eiga að máli, og jafna niður girðingarkostnaði á jarðeigendur, að tiltölu við gagn hvernar jarðar um sig. Ábúandi er skyldur að halda við girðingu og greiða árlega 2% af girðingakostnaði, nema öðru vísi sje um samið.

Nú liggur bithagi jarðar að landi kaupsins og verður að álitu úttekta armanna fyrir miklum ágangi af beit frá kaupsinu, og er þá landeiganda eða ábúanda heimilt að girða landið gegn endurgjaldi frá kaupsinu, eða þess, er land á undir því, og greiðir þá kaupsnið eða landeigandi helming girðingarkostnaðar. Um viðhald fer og eftir sömu reglum.

Úttektarmenn skulu meta verð girðingar. Kaup úttekta armanna telst til girðingarkostnaðar.

## 2. gr.

Aftan við 9. gr. bætist:

Hverjum þeim, er þykir rjetti sinum hallað af úttekta mönnum, þá er mat fer fram á girðing eða girðingarkostnaði, er heimilt að krefjast yfirúttektar. Fer um þá úttekt svo sem fyrir er mælt um yfirúttekt í lögum um bygging, ábúð og úttekt jarða.

## 3. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfestingu, skal fella þau inn í texta girðingalaga nr. 66, 22. nóv. 1913, og getur konungur þá gefið þau lög út þannig breytt.